

Ed. **484. Frumvarp til laga** [239. mál]
um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Útibúin skulu veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir, hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar.

Þau taka við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfara þær og afgreiða í samráði við yfirstjórn stofnunarinnar. Þau skulu einnig annast þá þætti, er lúta að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga á sínu starfssvæði, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda, er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar.

Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna eða þjónustumiðstöðvar, er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er nú flutt í fjórða sinn. Það var fyrst flutt á þinginu 1973, þegar staðarvalsnefnd var að störfum, og var hugsað þá sem viss prófsteinn á hugmyndir og vilja Alþingis varðandi stofnun útibúa af þessu tagi. Staðarvalsnefnd tók einróma undir hugmyndir frv., en síðan hefur lítið markvert gerst í þeim málum í heild og frv. um heildarframkvæmd þessara stofnanamála mun lagt fram nokkuð samhliða þessu. En vegna forsögu þessa sérstaka þáttar þykir rétt að láta hér á reyna.

Á sínum tína komu fram kröfur um samþykkt frv. af þessu tagi utan af landsbyggðinni, enda hlaut það vegna þess þrýstings m. a. afgreiðslu til ríkisstjórnar með mjög jákvæðri umsögn á þinginu 1975—76.

Ekki er vitað til neinna viðbragða til beinna aðgerða í þessum efnum, þó vitað sé að Húsnæðismálastofnunin hefur allmikið fjallað um möguleika af þessu tagi, og hlýtur viðkomandi nefnd að fá þar um allar upplýsingar um athuganir og hugsanlegar niðurstöður. Um ástæður frv. segir svo í fyrri greinargerð:

Sú krafa verður æ háværi og almennari úti á landsbyggðinni, að hvers konar þjónusta á vegum hins opinbera verði stórauðin, hún færð frá Reykjavík út í héruðin sem allra mest. Íbúarnir úti á landi una því eðlilega illa að þurfa að sækja flest stórt sem smátt til höfuðborgarinnar, oftast með ærnum kostnaði. Hinir ýmsu þjónustupættir eru um margt ólíkir, sumir eru þess eðlis, að erfitt er að koma þjónustunni hvarvetna við, þó að þörf sé brýn og þjónustan eigi fullan rétt á sér.

Að þeim ber að stefna engu að síður, þó að róðurinn kunni að vera þungur.

Ýmsir þættir opinberrar þjónustu eru hins vegar þess eðlis, að fátt mælir því í gegn, að þeir séu sem víðast ræktir.

Hér er staðnæmst við húsnæðismálin, einkum af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi eru húsnæðismálin meir í brennidepli á landsbyggðinni en nokkru sinni. Þar er nú meira byggt og af meiri fjölbreytni en áður.

Auk hinna almennu húsnæðismála einstaklinga eru verkamannabústaðir, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og byggingar á vegum almennra byggingarfélaganna.

Þessi gróska og hin öra uppbygging í kjölfar aukinnar atvinnu kallar blátt áfram á betri þjónustu, þjónustu, sem veitt er heima í landshlutunum.

Hún fæst ekki nema með einhverju því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir gert í frv.

Í öðru lagi hefur þess orðið átakanlega vart, hve erfitt er um vik, einkum einstökum húsnæðisgjendum, að þurfa allt hingað að sækja, og af því hafa sprottið margs konar erfiðleikar, mikil mistök, sem oft hafa reynst hlutaðeigandi mjög dýr.

Ríkisvaldinu ber tvímælaust skylda til að létta þeim álögum og kostnaðar-
auka af landsbyggðarfólki sem framast er kostur, og hér er inn á einn þátt þeirrar
skyldu komið.

Síðan frv. var vísað til ríkisstjórnar hafa verið samþykkt frá Alþingi ný bygg-
ingarlög, sem gera ráð fyrir mun fastari skipan byggingarmála á landsbyggðinni
hvað byggingarfulltrúa snertir, enda í samræmi við þróun síðustu ára.

Byggingarfulltrúar hafa tekið að sér æ viðameiri verkefni varðandi alla ráð-
gjöf og fyrirgreiðslu fyrir húsbýggjendur. Húsnæðismálastofnunin hefur gert veru-
legt átak í þeim efnum að efla samskipti og fræðslu fyrir byggingarfulltrúa, og
segja má með miklum rétti að þróun og aðgerðir þessar hafi auðveldað mjög þá
skipan, sem lögð er til með frv. þessu.

Um fyrirkomulag og starfssvið þessara útibúa má lengi deila, þ. e. hvert á að
vera vald þeirra og hvað á að vera í höndum yfirstjórnar Húsnæðismálastofnunar-
innar.

Hér er lagt til, að vald og ákvarðanatekt verði sem mest í höndum útibúanna
sjálfra, þó að samráð við yfirstjórn sé sjálfsagt og samþykki hennar þurfi til að
koma, ef nýir þættir bætast í útlánakerfið.

Um yfirstjórn hvers útibús fyrir sig er engu slegið föstu, heldur yrði það að
ákveðast af yfirstjórn stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og yrðu um það
sett nánari ákvæði t. d. í reglugerð.

Hér er lagt til, að útibú verði í öllum kjördæmum utan Reykjaneskjördæmis,
sem er í nálægð við höfuðstöðvar stofnunarinnar.

Í frv. er heinlínis miðað við það, að skipulags- og verkfræðiskrifstofur komist
á í landshlutunum, enda er það ákveðin stefna landshlutasamtakanna að hrinda
því í framkvæmd. Milli útibúsins í hverju þessara kjördæma og skipulagsskrif-
stofu þarf að takast sem nánust samvinna og samstarf.

Til viðbótar þessu má nefna þær hugmyndir, sem komið hafa fram æ ákveðnar
frá sveitarfélögunum í landinu um þjónustumiðstöðvar, þar sem húsnæðismálin
yrðu einn af forgangspáttunum.

Verður í framsögu vitnað sérstaklega til ýtarlegra hugmynda um þetta efni,
sem Logi Kristjánsson bæjarstjóri í Neskaupstað hefur sett fram og fengið hafa
mjög góðan hljómgrunn sveitarstjórnarmanna um allt land.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að veðlánakerfið skuli starfrækt undir
stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Varðandi afgreiðslu lánanna er því lagt til, að útibú Landsbankans eða útibú
annars ríkisbanka sjái um þann þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans
í Reykjavík.

Eðlilegast hlýtur þá að teljast, að útibú Húsnæðismálastofnunarinnar skuli
verða á sama stað og viðkomandi bankaútibú, og ætti það að fyrirbyggja togstreitu
um staðarval.

Ráð er fyrir því gert, að Húsnæðismálastofnunin sjái útibúunum fyrir fé til
afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána, og þá átt við það, að heildarfjárförf
og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun
hennar verði útibúin að lúta. En auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt,
að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti.

Sumir hafa bent á þann möguleika, að hvert útibú hefði lágmarkskvóta af
heildarfé því, sem til ráðstöfunar væri á hverjum tíma. Slíkt er ókleift, svo miklar
sveiflur sem eru í húsbýggingum í hinum einstökum landshlutum.

Hér verður þörfin fyrst og fremst að skera úr um fjármögnun alla.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.